



Spáum 3,4% verðbólgu í maí

Hagstofan birtir maímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 28. maí. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,1% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 3,3% í 3,4%.

VNV hækkaði um 0,37% milli mánaða í apríl. Þetta var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,3% til +0,4%. Við höfðum spáð +0,3%.

Helstu undirlíðir:

- Við gerum ráð fyrir árstíðabundinni lækkun á **flugfargjöldum til útlanda**. Þrátt fyrir þessa lækkun verður rúmlega 10% dýrara að fljúga í maí í ár en í sama mánuði í fyrra.
- Verð á **hótelum og veitingastöðum** hækkar alla jafna milli mánaða í maí þegar háannatími í ferðaþjónustu nálgast.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 2,0% milli mánaða.
- Við búumst við smávægilegri hækkun á **reiknaðri húsaleigu**.

Spá okkar er 0,1 prósentustigi hærra en bráðabirgðaspá okkar frá því í apríl. Skýrist breytingin af því að bensín hefur hækkað meira milli mánaða en við bjuggumst við og að krónan hefur veikst milli mánaða. Verð á evru hefur hækkað um 2,0% milli mánaða, verð á Bandaríkjadal um 2,6% og Brent hráolíu um 1,0%.


Búumst við 3,5% verðbólgu í júlí

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Júní: +0,4% milli mánaða, 3,2% ársverðbólga.
- Júlí: +0,2% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga
- Ágúst: +0,4% milli mánaða, 3,5% ársverðbólga

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Flugfargjöld til útlanda	1,7%	-7,1%	-0,12%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	-0,4%	-0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	6,6%	-0,2%	-0,02%
Föt og skór	4,3%	-0,3%	-0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	-0,1%	0,00%
Menntun	0,4%	0,0%	0,00%
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,0%	0,00%
Tómst. og menning	9,9%	0,0%	0,00%
Kaup ökutækja	5,6%	0,1%	0,01%
Heilsa	4,0%	0,2%	0,01%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	0,3%	0,02%
Póstur og sími	1,8%	1,0%	0,02%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,2%	0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,2%	0,03%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,8%	0,04%
Bensín og díselolíu	3,5%	2,0%	0,07%
Alls	100,0%		0,07%

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir næstu mánuði eru þeir sömu og við nefndum fyrir mánuði síðan.

1) Áhrif kjarasamninga

Nýlega var skrifað undir kjarasamninga fyrir stærstu samtökin á almennum vinnumarkaði. Samið var um krónutöluhækkun. Það á eftir að koma í ljós hvort tekjuhærri hópar sætti sig við sömu krónutöluhækkun og samsvarandi lægri prósentuhækkun. Einnig er alls óvíst að hversu miklu leyti þessar launabreytingar eigi eftir að skila sér inn í verðlag.

2) Gengi krónunnar

Það sem af er ári hefur verið á evru haldist á tiltölulega þröngu bili, milli 132 og 138 krónur. Það á eftir að koma í ljós hver bein áhrif verða af minna innflæði gjaldeyris í sumar vegna samdráttar í flugi til landsins. Einnig á eftir að koma í ljós hvort innflæði nýfjárfestinga minnki þegar stefnir í smávægilegan efnahagssamdrátt og vaxtalækkun. Hvor þátturinn um sig gæti valdið veikingu krónunnar sem myndi skila sér í aukinni verðbólgu.


3) Þróun fasteignaverðs

Svo virðist sem verulega sé að hægja á hækkun fasteignaverðs, en reiknuð húsaleiga stóð nokkurn veginn í stað á milli mánaða í apríl. Frekar mikið af nýju húsnæði er á leið inn á markaðinn, en það er nokkuð víst að stærstur hluti þessara íbúða eru of stórar og dýrar til þess að leysa þann húsnæðisvanda sem fyrir er.¹ Alls óljóst er hvernig þetta ójafnvægi kemur inn í húsnæðisverð.

4) Flugfargjöld til útlanda


Síðustu ár hefur Hagstofan byggt verðmælingar sínar á flugi til útlanda á verði farmiða hjá Icelandair og WOW air. Hlutdeild WOW air var um þriðjungur af vísitölunni. Hagstofan áætlað að taka inn í mælingu sína flug með erlendum flugfélögum í stað WOW air. Það er nokkuð óvissa um hvaða áhrif þetta mun hafa á mælingar Hagstofunnar. Einnig er óvíst hvaða áhrif minni samkeppni mun hafa á flugfargjöld.

Mánaðarbreyting VNV í maí



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþspá



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

¹ Sjá <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-04-17-Fasteignamarkadur-verd.pdf>



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

